

16. gr.

Úttekt á innra eftirliti.

Faggilt skoðunarstofa skal taka út innra eftirlit flutningsfyrirtækis, dreifiveitna og vinnslufyrirtækja með gæðum raforku og afhendingaröryggi að minnsta kosti á tveggja ára fresti.

17. gr.

Pvingunarúrræði og viðurlög.

Telji Orkustofnun að ákvæði reglugerðar þessarar séu ekki uppfyllt getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10-500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta skal tekið tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar.

18. gr.

Undanþágur.

Orkustofnun getur í undantekningartilvikum og að fenginni rökstuddri beiðni um slíkt veitt undanþágur frá reglugerð þessari. Undanþágan getur náð til takmarkaðs svæðis eða veitusvæðis flutningsfyrirtækis/dreifiveitu í heild. Orkustofnun er heimilt að veita slíka undanþágu t.d. ef umbætur vegna einstakra gæðapátta teljast ekki þjóðhagslega hagkvæmar.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 28. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Ákvæði reglugerðar þessarar um skráningu taka gildi 1. janúar 2005 en ákvæði um þær gæðakröfur sem gerðar eru til afhendingar raforku þann 1. janúar 2007. Flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu hefja gagnaöflun til að sinna upplýsingaskyldu vegna 13. gr. reglugerðar þessarar í síðasta lagi 1. janúar 2006.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2005.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2005 verður 24,75%. Meðalútsvar á árinu 2005, samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,98%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2005 verður því 37,73%.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.